



Reykjavík, 27. maí 2024

MSS24020057

UMSÖGN

Viðtakandi: Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Sendandi: Skristofa borgarstjóra og borgarritara, samskipta- og mörkunarteymi

Umsögn samskipta- og mörkunarteymis um tillögu aðgengis- og samráðsnefndar um skynrými/róleleg svæði á menningarnótt

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar þann 15. febrúar 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga:

Lagt er til að tilraun verði gerð með rólegt svæði/skynrými (t.d. tjald eða afmarkað rými innanhúss) á Menningarnótt, þar sem gestir geta dvalið til þess að hvíla skynfærin frá skarkalanum sem fylgir mannmergðinni og hátíðarhöldunum, í þeim tilgangi að bæta aðgengi ýmissa hópa að borgarhátíðinni, að fyrirmynd Svigrúms sem sett var upp í lðnó á Hinsegin dögum síðastliðnum. Þá verði rýmið auglýst sérstaklega fyrir þá hópa sem það kann að nýtast.

Tillögunni var vísað til umsagnar samskipta- og mörkunarteymis skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu þann 19. febrúar 2024.

Umsögn samskipta- og mörkunarteymis:

Verkefnastjórar samskipta- og mörkunarteymis skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sem vinna að Menningarnótt taka þessari tillögu fagnandi og telja að hún geti stuðlað að jákvæðri upplifun og bættu aðgengi fólks með skynúrvinnsluvanda á þessari stærstu hátíð landsins. Þegar hefur verið hafist handa við að leita leiða til að finna rými sem henta fyrir rólegt svæði/skynrými á menningarnótt 2024.

Eva Bergþóra Guðbergsdóttir
Samskiptastjóri



Reykjavík